

Stórbruni við Lækjartorg í Apríl 2007

Ráðstefna slökkviliðsstjóra 2008

Björn Karlsson

Yfirlit

1. Tilgangur skýrslu Brunamálastofnunar
2. Ástand bygginganna
 - Helsta ástæða hraðrar útbreiðslu eldsins
 - Byggingarsaga húsanna
3. Slökkvistarf
 - Slökkvistarf Lækjargötu 2
 - Slökkvistarf Austurstræti 22
4. Helstu niðurstöður
5. Helstu aðgerðir í kjölfar eldsvoðans

Tilgangur skýrslu Brunamálastofnunar

- Lög um brunavarnir nr. 75/2000: *Verði manntjón eða mikið eignatjón í eldsvoða skal Brunamálastofnun, óháð lögreglurannsókn, rannsaka eldsvoðann, kröfur eldvarnaeftirlits og hvernig að slökkvistarfi hafi verið staðið.*
- Þannig eru slík rannsókn tvískipt:
 - Ástand bygginganna fyrir brunann, eldvarnaeftirlit
 - Hvernig slökkvistarf gekk
- Lögregla rannsakar upptök eldsins
- Tilgangurinn er einna helst að læra af reynslunni og miðla þeirri reynslu til slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa
- Tilgangurinn er ekki að úrskurða um ábyrgð eða sekt

Ástand bygginganna




Helsta orsök hraðrar útbreiðslu




Eldvarnaveggur milli Fröken Reykjavík og Austurstrætis 22 hafði verið rifinn, í stað hans brennanlegur veggur sem var falinn rækilega

Byggingarsaga: 1920




Stækkanir samþykktar árið 1920. Upphaflega húsið fyrir miðri mynd. Veggurinn í lóðarmörkum að Lækjargötu 2 er á þessari teikningu allur sýndur skástrikaður sem og veggurinn að Nýja bíó sem er efst á myndinni en sá veggur stendur ennþá og er steypdur.

Byggingarsaga: 1925




Stækkanir árið 1925. Upphaflega húsið fyrir miðri mynd. Veggurinn í lóðarmörkum að Lækjargötu 2 er á þessari teikningu allur sýndur þverstrikaður með opum en veggurinn að BSR (Fröken Reykjavík á brunatíma) sem er til vinstri við stækkunina úti við götuna er sýndur með sömu táknum en án opa. Hér er ennþá óbyggt aftan við Lækjargötu 2.

Byggingarsaga: 1959



Stækkanir 1959 á sama stað og teikning frá 1942. Veggurinn á skúrnum í lóðarmörkum að Lækjargötu 2 er á þessari teikningu sýndur með tveimur mjóum línunum án ákvæða um brunamótstöðu en á teikningunni frá 1942 er veggurinn sýndur svertur. Svo virðist sem opið hafi verið gert í vegginn frá 1925 aftan við nýbygginguna vegna aðkomu að ruslatunnum sem sýndar eru á lóð Lækjargötu 2. Hér er ennþá óbyggt aftan við Lækjargötu 2.

Byggingarsaga: 1978



Stækkanir árið 1978 sem er bygging bakvið Lækjargötu 2. Á þessari teikningu er sýndur *Brunavarnarveggur* á allri hlið nýbyggingarinnar að Austurstræti 22 en í plássí BSR er merkt einnar hæðar verslun. Veggur milli hennar og nýbyggingar er merktur A60 en veggs að Austurstræti 22 er ekki getið. Á teikningum frá 1925 og fram að þessu m.a. í máli 7/64 frá 1964 er veggurinn sýndur þvert á götulínu við Austurstræti en hér er sýnt að hann fylgi lóðarmörkum.

Útbreiðsla eldsins

- Vissar líkur á að eldurinn hafi komið upp í millilofti í Fröken Reykjavík og borist mjög hratt yfir í Austurstræti 22
- Útbreiðsluhraðinn aðallega vegna þess að eldvarnavegg vantaði!
- Einnig ófullnægjandi lagnafrágangur á snyrtingum að Kaffi Óperu og yfir í Kebabhúsið, en ekki er gerð grein fyrir brunamótstöðu þaðan yfir í Fröken Reykjavík
- Ábyrgð skv. lögum: *“eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir”*
- Eldvarnaeftirlit árin 2002-2007 fór fram með eðlilegum hætti (13 skýrslur gerðar um Austurstræti 22, 18 skýrslur gerðar um Lækjargötu 2)

Yfirlit

1. Tilgangur skýrslu Brunamálastofnunar
2. Ástand bygginganna
 - Helsta ástæða hraðrar útbreiðslu eldsins
 - Byggingarsaga húsanna
3. Slökkvistarf
 - Slökkvistarf Lækjargötu 2
 - Slökkvistarf Austurstræti 22
4. Helstu niðurstöður
5. Helstu aðgerðir í kjölfar eldsvoðans

Slökkvistarf

- Svar- og greiningartími Neyðarlínu 134 sekúndur (mjög óljós innhringing)
- Viðbragðstími slökkviliðs ca 6 mín, um kl. 14, þá strax stór úthringing, mjög fljótlega mikið afl á vettvangi
- Bruni innan þilja, mikill reykur um allt en engin sjáanlegur eldur, nema í ljósastæði í Fröken Reykjavík
- Menn inn með háprýstilagnir, svo hitamyndvélar
- Eldurinn breiddist hratt út milli þilja, erfitt að komast að honum, Austurstræti 22 hafði verið margisinnis klætt að innan með gifsplötum
- Yfirtendrun í hluta Lækjargötu 2 um kl. 14.30 en eftir það næst að ná yfirráðum eldsins í þeirri byggingu

Slökkvistarf Lækjargötu 2



Slökkvistarf Austurstræti 22

- Erfiðlega gengur að ráða við eldinn í Austurstræti 22
- Reynt að rjúfa þakið en það gengur ekki, sjálft þakrýmið (súðin) hafði verið lokað af, engin opnun var af annarri hæð upp á súðina
- Eftir mikla vinnu við að reyna að rjúfa þakið var kallað á krabba, sem kom um kl. 16.30
- Slökkvistarf gekk vel eftir að þakið var tekið af Austurstræti 22 og Fröken Reykjavík
- Vegna hrunhættu var krabbinn látinn fjarlægja efri hæðina af Austurstræti 22 og var það gert í samráði við lögreglu
- Allur eldur slökktur um kl. 19.30
- Lögreglurannsókn á orsökum eldsvoðans gekk illa vegna niðurrifsins og eftir á að hyggja hefði lögregla viljað minna niðurrif

Slökkvistarf Austurstræti 22



Yfirlit

1. Tilgangur skýrslu Brunamálastofnunar
2. Ástand bygginganna
 - Helsta ástæða hraðrar útbreiðslu eldsins
 - Byggingarsaga húsanna
3. Slökkvistarf
 - Slökkvistarf Lækjargötu 2
 - Slökkvistarf Austurstræti 22
4. Helstu niðurstöður
5. Helstu aðgerðir í kjölfar eldsvoðans

Helstu niðurstöður

- Eldvarnaveggur milli Austurstrætis 22 (Pravda) og Lækjargötu 2 (Fröken Reykjavík) hafði verið rifinn á um 10 metra bili og olli það mjög hraðri útbreiðslu eldsins
- Vísbendingar eru um að veggur þessi hafi verið rifinn að minnsta kosti fyrir 30 árum
- Þáverandi eigendum (eða aðilum á þeirra vegum) hefði mátt vera ljóst hve alvarlegt það var að fjarlægja vegginn
- Slökkvistarf var gríðarlega erfitt þar sem eldurinn fór hratt og víða á milli þilja
- Viðbragstími slökkviliðs var góður og mjög fljótlega var komið mikið aukið afl á vettvang
- Slökkvilið stóð vel að slökkvistarfinu

Helstu aðgerðir í kjölfarið

- Fjallað verður um skýrsluna á fundum og námskeiðum með slökkviliðsstjórum og byggingarfulltrúum
- Brunamálastofnun, húsafriðunarnefnd, forvarnadeild SHS og byggingarfulltrúinn í Reykjavík hafa ákveðið að gera úttekt á brunavörnum í þeim gömlu byggingum sem eru mikilvægastar í menningarlegu tilliti bæði hvað varðar einstök hús og hverfismynd.
- Ofangreindir aðilar munu einnig huga að gerð leiðbeininga um brunavarnir og slökkvistarf í eldri byggingum
- Brunamálastofnun mun gefa út leiðbeiningar um þýðingu brunavarnatákna á eldri uppdráttum og hvernig þau eru heimfærð á nógildandi reglugerð.